

## Byggingarfulltrúi Eyjafjarðarsvæði

Óseyri 2 pósthólf 120 602 Akureyri

S. 4604477 8935350 bréfsími 4604478

Árið 2004, miðvikudaginn 21. júlí 2004, kl. 13.30 kom byggingarnefnd Eyjafjarðar saman til **28. fundar** að Óseyri 2, Akureyri. Formaður Hreiðar Hreiðarsson setti fundinn.

Fyrir voru tekin eftirtalin erindi.

1. Helgi Þór Þórsson, Núpasíðu 10 F, Akureyri, sækir um leyfi til að byggja frístundahús úr timbri á lóðinni nr. 11-E í Höfðabyggð á lögbylinu Lundi, Þingeyjarsveit. Teikningar eru frá H.S.Á. teiknistofu, Akureyri, dags. 19.07. 2004, verk nr. 04-1208.  
**Erindinu frestað, þar sem það barst rétt fyrir fundinn og nefndarmenn óska eftir frekari upplýsingum. Byggingarfulltrúa falið að afla þeirra.**
2. Linda Björnsdóttir, Grenilundi 15, Akureyri, sækir um leyfi til að byggja sumarhús úr timbri á lóðinni nr. C-04 í Höfðabyggð, á lögbylinu Lundi, Þingeyjarsveit. Teikningar eru frá Opus, teikni- og verkfræðistofu, dags. 03.07. 2004, verk nr. 040602.  
**Erindið samþykkt.**
3. Leifur Jónsson og Rannveig Birna Hansen, Hörgi, Svalbarðseyri, sækja um leyfi til að gera hurð á suðurhlíð íbúðarhússins að Hörgi þar sem var gluggi og klæða húsið lóðréttri timburklæðningu, samkvæmt meðfylgjandi teikningum eftir Árna Gunnar Kristjánsson, dags. í júní 2004, verk nr. Á99-301.  
**Erindið samþykkt, enda verði gerðar þær lagfæringar á norðurhlíð bílskúrs sem fram koma í athugasemd frá Eldvarnareftirliti Akureyrar og leiðréttum teikningum skilað til byggingarfulltrúa.**
4. Jón H. Þórisson, Gnoðavogi 44, Reykjavík, sækir um leyfi til að byggja sumarhús úr timbri á lóðinni nr. 19 í Heiðarbyggð á lögbylinu Geldingsá, Svalbarðsstrandarhreppi, samkvæmt teikningum frá H.S.Á. teiknistofu, Akureyri, dags. 06.07. 2004, verk nr. 04-1215. Erindið var tekið fyrir á síðasta fundi (töluliður 5) og frestað þar sem tiltekin atriði þörfnuðust frekari skoðunar.  
**Erindið samþykkt**
5. Bent Frisbæk, Kristnibraut 6, Reykjavík, sækir um leyfi til að byggja sumarhús úr timbri, á lóðinni nr. 22 í Heiðarbyggð á lögbylinu Geldingsá, Svalbarsstrandarhreppi. Teikningar eru frá H.S.Á. teiknistofu, dags. 05.07. 2004, verk nr. 04-1216. Erindið var tekið fyrir á síðasta fundi (töluliður 6) og frestað þar sem tiltekin atriði þörfnuðust frekari skoðunar.  
**Erindið samþykkt.**
6. Jóhannes Axelsson, Borgarhlíð 2 D, Akureyri, óskar eftir leyfi til að byggja frístundahús og geymsluskúr á lóðinni nr. 24 í Heiðarbyggð á lögbylinu Geldingsá, Svalbarðsstrandarhreppi, samkvæmt teikningu frá H.S.Á. teiknistofu. dags. 06.07. 2004, verk 04-1218.  
**Erindið samþykkt.**
7. Halldór Arinbjarnarson og Edda G. Aradóttir, Hyrnu, Svalbarðsstrandarhreppi, sækja um breytingu á bílageymslu, sem byggingarleyfi var gefið fyrir 14. janúar 1992. Lagðar eru fram nýjar teikningar eftir Tómas Búa Böðvarsson, dags. júlí 2004.  
**Erindið samþykkt, en skila þarf inn afstöðumynd áður en byggingarleyfi verður gefið út.**
8. Birgir Marínósson, Sunnuhlíð 21 E, Akureyri, sækir um leyfi til að byggja einbýlishús úr timbri á lóðinni nr. 2 við Vaðlabbyggð á lögbylinu Veigastöðum, Svalbarðsstrandarhreppi, samkvæmt teikningum frá Opus teikni- og verkfræðistofu, dags. 15.07. 2004, verk nr. 020701.  
**Erindið samþykkt.**

9. Bréf frá Árna Ólafssyni, dags. 15. júlí 2004, sbr. erindi um sama mál sem tekið var fyrir á síðasta fundi, tölulið 17. Með bréfinu fylgdu hugmyndir að þeim byggingum sem ætlunin er að reisa á umræddum stað í Leyningshólum, til frekari skýringar á því sem áður hafði verið sent til nefndarinnar. Með bréfi frá skipulagsnefnd Eyjafjarðarsveitar dag. 9. júlí 2004 kemur fram að nefndin samþykkir “að byggja megi allt að 70 ferm. hús á lóðinni og að þakhalli megi vera allt að 30°”  
**Samþykkt að heimila byggingu aðstöðuhúss, skv. teikningum frá Teiknistofu arkitekta dags. 8. júní 2004, sbr. 13. tölulið 26. fundar byggingarnefndar 15. júní 2004.**
10. Guðrún H. Bjarnadóttir og Edward Kiernan óska eftir álitum byggingarnefndar, með bréfi dags. 21. júlí, á hugmyndum að byggingu íbúðarhúss á lóðinni nr. B-4 í landi Hólshúsa Eyjafjarðarsveit.  
**Byggingarnefnd heimilar byggingarfulltrúa að leyfa undirbúningsframkvæmdir.**
11. Óli Valur Stefánsson, Teigi, Eyjafjarðarsveit, sækir um leyfi til að byggja einbýlishús úr timbri á lóðinni nr. 7 við Skógartröð í Eyjafjarðarsveit, samkvæmt teikningu frá Opus, teikni- og verkfræðistofu, dags. 20.07. 2004, verk nr. 040701.  
**Byggingarnefnd heimilar byggingarfulltrúa að leyfa undirbúningsframkvæmdir.**
12. Erindi frá Guðmundi Karli Tryggvasyni, dags. 15. júlí 2004, fyrir hönd Bautans á Akureyri þar sem óskað er eftir heimild til að setja upp auglýsingaskilti í landi Hraukbæjarkots, Hörgárbyggð.  
**Byggingarnefnd samþykkir uppsetningu skiltisins til 3 ára, sbr. tölulið 3 í samningi við landeiganda, en bendir umsækjanda á að skriflega heimild þarf frá Vegagerðinni og sveitarstjórn Hörgárbyggðar.**
13. Helgi Jóhannsson, Sílastöðum, Hörgárbyggð, sækir um stöðuleyfi fyrir 20 fermetra skúr á íbúðarhúsalóð sinni sem er í landi Sílastaða, með erindi dags. 16. júlí 2004.  
**Byggingarnefnd samþykkir stöðuleyfi til eins árs.**
14. Birgir R. Sigurjónsson, Hrísey, fyrir hönd Kröku ehf, Hrísey, óskar eftir að byggingarnefnd heimili að húseigninni Norðurvegi 7-11, Hrísey, verði skipt í tvær sjálfstæðar eignir samkvæmt framlögðum eignarskiptasamningi og framlögðum teikningum, gerðum af Árna Gunnari Kristjánssyni. Íbúð á efri hæð verði séreign og verslunar- og geymsluhúsnæði á neðri hæð verði séreign. Erindið var tekið fyrir á síðasta fundi (töluliður 14) og frestað þar sem tiltekin gögn vantaði. Nú liggur fyrir yfirlýsing frá þinglýstum eiganda varðandi eignaskiptasamninginn.  
**Byggingarnefnd samþykkir erindið fyrir sitt leyti.**
15. Birgir R. Sigurjónsson, Hrísey, fyrir sína hönd og Björgvins. L. Pálssonar, sækir um leyfi til að byggja hús í bryggjuhverfi ásamt flotbryggju.  
**Byggingarnefnd frestar erindinu þar sem upplýsingar skortir til að hægt sé að afgreiða það.**

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16.45

Hreiðar Hreiðarsson           Bragi Pálsson  
 Kristján Kjartansson           Jónas Baldursson  
 Jósavin Gunnarsson

Valtýr Sigurbjarnarson ritaði fundargerð.